

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, með síðari breytingum (bótaréttur fanga).

Flm.: Silja Dögg Gunnarsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Helgi Hrafn Gunnarsson.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 13. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur maður á ávinnslutímabili skv. 15. gr. setið í gæsluvarðhaldi eða afplánað refsivist og stundað vinnu, nám eða starfsþjálfun til samræmis við lög um fullnustu refsinga og skal hann þá teljast tryggður samkvæmt lögum þessum eins og hann hefði verið í launaðri vinnu á sama tímabili, enda uppfylli hann önnur skilyrði til þess að teljast tryggður samkvæmt lögum þessum, þrátt fyrir e-lið 1. mgr. Vottorð frá Fangelsismálastofnun þessu til staðfestingar skal fylgja umsókn um atvinnuleysisbætur.

2. gr.

53. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Í stað tilvísunarinnar „3. mgr. 13. gr.“ í 1. mgr. 58. gr. laganna kemur: 4. mgr. 13. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta byggist á frumvörpum til breytinga á eldri lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 12/1997, sem voru lögð fram á 117., 120. og 131. löggjafarþingi en hlutu ekki afgreiðslu. Þá var frumvarpið lagt fram á 144. (654. mál), 145 (54. mál), 146. (121. mál), 147. (122. mál) og 148. löggjafarþingi (48. mál) í svipaðri mynd og það er nú, en hlaut ekki afgreiðslu.

Atvinnuleysistryggingum er ætlað að tryggja einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð meðan þeir leita vinnu, sbr. til hliðsjónar 2. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006. Meðal almennra skilyrða þess að einstaklingar teljist tryggðir samkvæmt lögnum er að þeir hafi verið launamenn eða sjálfstætt starfandi á tilteknu ávinnslutímabili áður en sótt er um atvinnuleysisbætur, sbr. e-lið 1. mgr. 13. gr. og e-lið 1. mgr. 18. gr. laganna. Þeim sem afplána refsivist eða sitja í gæsluvarðhaldi stendur jafnan ekki til boða vinna sem lög nr. 54/2006 taka til og þeir ávinna sér því ekki rétt til atvinnuleysisbóta meðan á vistinni stendur. Að vísu geta þeir sem eru tryggðir samkvæmt lögnum og hverfa af vinnumarkaði þegar þeir taka út refsingu samkvæmt dómi geymt þegar áunna atvinnuleysistryggingu þar til þeir hafa lokið afplánun refsingar, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 54/2006. Ákvæði þetta á þó við um minni hluta fanga þar sem fæstir þeirra hafa stundað vinnu reglubundið áður en afplánun

hefst. Af þessu leiðir að oftar en ekki standa fangar utan atvinnuleysistryggingakerfisins þegar þeir ljúka afplánun en það gerir þeim erfiðara um vik að komast aftur á réttan kjöl að afplánun lokinni. Að mati flutningsmanna eykur núverandi kerfi líkur á því að þeir brjóti af sér á ný og stríðir þannig gegn því markmiði refsivörslukerfisins að vinna gegn afbrotum og hjálpa einstaklingum sem hafa brotið af sér að snúa við blaðinu.

Í frumvarpinu er því lagt til að hafi fangi samkvæmt vottorði frá fangelsismálayfirvöldum stundað vinnu, nám eða starfsþjálfun sem í boði er innan viðkomandi fangelsis til samræmis við lög um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, sbr. 25. og 26. gr. laganna, ávinni hann sér rétt til atvinnuleysisbóta vegna þess tímabils eins og hann hefði verið í launaðri vinnu. Af því leiðir að þeir sem lokið hafa afplánun geta talist tryggðir þótt þeir teljist ekki launamenn, sbr. a-lið 3. gr. laga nr. 54/2006, og þótt þeir uppfylli ekki skilyrði um launuð störf á ávinnslutímabili, sbr. e-lið 1. mgr. 13. gr. laganna. Aftur á móti verður viðkomandi að uppfylla önnur skilyrði tryggingaverndar, svo sem um virka atvinnuleit og búsetu, sbr. a- og c-lið sömu málsgreinar.

Rétt er að leggja ávinnslu vegna þess tímabils sem einstaklingur situr í gæsluvarðhaldi eða afplánar refsivist og stundar vinnu, nám eða starfsþjálfun til samræmis við lög um fullnustu refsinga, að jöfnu við ávinnslu skv. 15. gr. laga nr. 54/2006 við útreikning á tryggingarhlutfalli. Hafi einstaklingur t.d. á síðustu tólf mánuðum áður en hann sækir um atvinnuleysisbætur afplánað tveggja mánaða refsivist og stundað vinnu, nám eða starfsþjálfun allan þann tíma og verið í fullu launuðu starfi tvo mánuði bæri að leggja þann tíma saman þannig að viðkomandi teldist tryggður að einum þriðja hluta, sbr. 2. mgr. 15. gr., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Í samræmi við framangreint er lagt til að brott falli ákvæði 53. gr. laganna sem kveður á um takmörkun á atvinnuleysistryggingum vegna frelsissviptingar með dómi á þeim tíma þegar refsing er tekin út í fangelsi, frelsissviptingar með úrskurði dómara eða úttektar refsingar í samfélagsþjónustu.